

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Húsavík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	11.9.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Steinunn Karlsdóttir
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	574394,29 617922,761

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit en ein athugasemd er gerð er varðar læsingar á afgreiðslulögn á áfyllingarplani.

UMFANG EFTIRLITS

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á stöðinni frá síðasta eftirliti. Fimm geymar voru í stöðinni við síðasta eftirlit en nú hafa fjórir þeirra verið fjarlægðir af lóðinni og eftir standa einungis svartolíugeymir nr. T0156 sem er tómur og bíður flutnings og nýr láréttur tvöfaldur geymir nr. T02023. Tekur hann als 60m³ af litaðri gasolíu. Lekavarnarþró hefur verið fjarlægð en ekki er þörf á henni þar sem nýi geymirinn er tvöfaldur. Lagnir nr. 640.50.00 og 640.60.00 sem liggja á milli bryggju á Húsavík og olíubirgðastöðvarinnar hafa verið blindaðar og aftengdar og því er allt eldsneyti nú afgreitt með flutningabílum. Lagnir nr. 640.55.00 og 640.67.00 eru lagnir sem liggja að hluta til neðanjarðar, frá geymi að afgreiðsluplani. Voru þær báðar þrýstiprófaðar árið 2015.

Farið var yfir mánaðarblöð og skráningar á viðhaldi og mælingum í stöðinni. Mælingar á olíuleifum í frárennsli olíuskilju voru framkvæmdar með olíuprófi Macherey Nagel. Ekki greindist olía í frárennslinu og var olíuskiljan síðast hreinsuð þann 28. feb. sl. Ekki er gerð athugasemd við skráningar í rekstrarhandbók.

Ísogsefni voru til staðar í dæluhúsi.

Spilliefnakar var staðsett fyrir framan skemmu sem stendur á lóðinni við hlið starfsmannaaðstöðu og í því voru rafgeymar og önnur spilliefni. Rekstraraðili er hættur að taka á móti úrgangsolíu á staðnum.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók. Minnt var á að uppfæra áætlanirnar eftir þörfum. Teikningar af stöðinni voru uppi á vegg starfsmannaaðstöðu og rekstrarleyfið er aðgengilegt á netinu.

Gengið var um stöðina og aðstaðan skoðuð. Skemmu á staðnum er leigð út til annars aðila og var læst. Dæluhús var einnig læst sem og starfsmannaaðstaða. Myndir voru teknar og geymir skoðaður. Stöðin var snyrtileg að sjá. Norðan við skemmu var búið að haugsetja undirlag undan þeim olíugeymum sem fjarlægðir hafa verið og verður það látið brjóta sig næstu árin. Snyrtilega var gengið frá haugnum.

Áfyllingarplan var skoðað og liggur frárennsli frá því út í olíuskilju. Girðingar voru í lagi en hlið stóð opið við komu og taldi rekstraraðili að hliðinu væri ekki lokað á milli afgreiðslna. Verktakar afgreiða sig sjálfir við dælu og ekki er fastur starfsmaður á svæðinu. Er stöðin þjónustuð frá Akureyri.

ATHUGASEMDIR

Gerð er athugasemd við að læsingar á afgreiðslulögn á áfyllingarplani þyrfti að endurskoða, með réttu tengi er hægt að opna fyrir lögnina með tiltölulega lítili fyrirhöfn og þannig opna leið fyrir olíuna út á planið í kring. □

ANNAÐ

Viðstaddur eftirlitið var Þorkell Björnsson frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. □

Reykjavík, 28.09.2017

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Guðbjörg Stella Árnadóttir